

Sveitarfélagið Ölfus  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 3. janúar 2019  
UST201812-073/A.B.  
10.04.03

**Efni:** Lýsing og tillaga að deiliskipulagi fyrir Fiskalón í Ölfusi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Ölfus er barst 11. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu og tillögu að deiliskipulagi fyrir Fiskalón í Ölfusi.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagstillagn sem hér um ræðir er í landi Fiskalóns í Ölfusi þar sem að er heildarstærð svæðisins er um 9,3 ha og skiptist það í þrjár lóðir. Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði, merkt sem I8 og er skráð sem fiskeldisstöð með athafnasvæði beggja vegna Þorlákshafnarveggar.

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu hefur verið starfrækt seiðaeldisstöð í nokkra áratugi, með rekstar- og starfsleyfi fyrir allt að 20 tonna ársframleiðslu og áformað er að halda áfram uppbyggingu á svæðinu og auka framleiðsluna um 80 tonn, þannig að hún verði allt að 100 tonn á ársgrundvelli.

**Mat á umhverfisáhrifum**

Umhverfisstofnun bendir á að í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b., gr. 6, viðauka I, lið 1.11, er framkvæmdin tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar áður en óskað er eftir breytingu á starfsleyfi, en í viðauka segir að þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita er í ferskvatn. er framkvæmdin tilkynningarskyld.

**Náttúruminjasrá**


Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjasrá og nefnist Fjörumörk vestan Þurárhnúks og er númer 778 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst Fjörुकambar, er sýna tvær til þrjár mismunandi sjávarstöður, m.a. um 6 m hæð yfir núverandi fjörumörkum. Hnullungafjöruborðin eru sýnileg vestur að Þóroddsstöðum og

greinanleg austur fyrir Þurárhnúk þar sem sjá má lábarinn helli skammt frá hrauntröðinni næst hnúknum. Gleggstu minjar um sjávarstöðubreytingar í ísaldarlok á þessum slóðum.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi hver áhrif tillögunar séu á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllt

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur